

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Esjumelar, Kjalarnesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. janúar 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Esjumela á Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavíkurflugvöllur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 11. nóvember 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurflugvöll, flugvallargeira 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. janúar 2004.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um skrá St. Franciskusspítala, Stykkishólmi, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Eftirtalin störf/starfsemi skal vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram:

Hjúkrunarforstjóri sjúkrasviðis (0,8)

Hjúkrunarforstjóri heilsugæslusviðs (0,5)

Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjórar starfi þannig:

Sjúkrasvið: Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Einn hjúkrunarfræðingur á gæsluvakt yfir sjúkrasviðinu á næturvöktum.

Heilsugæsla: Hjúkrunarfræðingur við heilsugæslu og heimahjúkrun (50% stg.).

Hjúkrunarfræðingur (ljósmóðir) í mæðraskoðun (30%).

Einn sjúkraliði á hverri vakt (morgun-, kvöld- og næturvakt).

Sjúkraliði, sem vinnur við innkaup og birgðahald (0,3).

Læknar (3).

Læknaritarar (0,5).

Ræstingastjóri (0,8).

Yfirmaður í þvottahúsi (0,8).

Símavarsla (1).

Umsjónarmaður (0,5).

Skrifstofustjóri (1).

Framkvæmdastjóri.

Eftirfarandi störf/starfsemi sé eins og á stórhátíðum:
Endurhæfing.
Rannsóknarstofa.
Röntgen.
Skurðstofa.
Sóttbreinsun.

Skráin öðlast gildi 1. febrúar 2004.

Stykkishólmi, 28. janúar 2004.

F.h. St. Franciskusspítala, Stykkishólmi,
Róbert Jørgensen framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

**um skrá Dvalarheimilisins Áss skv. 2. mgr. 19. gr.
laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Hjúkrunarfræðingar í félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga	4,2 stöðugildi
Sjúkraliðar í S.L.F.Í.	5,6 stöðugildi
Starfsfólk í SFR:	
Starfsmenn í eldhúsi	1,5 stöðugildi

Skráin öðlast gildi 1. febrúar 2004.

Hveragerði, 28. janúar 2004.

F.h. Dvalarheimilisins Áss,
Pálína Sigurjónsdóttir skrifstofustjóri.